Ristarefni

SANDBLÁSTUR & MÁLMHÚÐUN FERROZINK 50 1960-2010

STÁLRISTAR

Ristarnar eru smíðaðar úr flatjárnum og teinum. Flatjárnin eru með raufum, þvert á þau eru teinarnir lagðir og rafsoðnir undir þrýstingi. Styrkur ristarinnar fer eftir því hversu þykkt og breitt flatjárnið er, hversu mörg flatjárn eru í ristinni og hversu langt er á milli burðarbita. Algengast er þegar lagðar eru nýjar ristar að nota I-bita sem burðarbita en töluvert er líka um að ristarnar séu lagðar á trébita. Ristarnar eru hertar á bitana með sérstökum krókum. Möskvastærðir eru mismunandi eftir tegundum rista. Algengustu tegundir eru ristar fyrir bíla- og tækjaumferð þar sem möskvastærð er 34x38 mm, ristar fyrir gangandi umferð með möskvastærð 34x51 mm og öryggisgrindur með möskvastærð 16x50 mm. Ristarnar eru fluttar til landsins í heilum mottum. Motturnar eru 6 metra langar og 1 metri á breidd og þær bútaðar niður hér eftir pöntunum ef óskað er. Ristarnar eru fluttar inn svartar og síðan zinkhúðaðar í galvaniseringarverksmiðju okkar á Akureyri. Algengustu stærðir á lager eru 3x25 mm, 3x30 mm, 3x40 mm, 5x50 mm og 5x60 mm.







Festiklemma fyrir stálristar

STIGAÞREP

Eigum einnig til á lager stigakjálka í eftirfarandi stærðum: 160x40x15x3 mm,180x40x15x3 mm.

Þrepin festast með heitgalv. boltum í eftirfarandi stærðum: 12x35 mm og 12x40 mm.

Eigum boltana til á lager ásamt skinnum og róm.

Sérpöntum hringstiga í ýmsum stærðum og gerðum.

FIBERRISTAR

Léttar og auðveldar í meðförum og þrifum. Þola vel efnamengun, tærast seint og eru eldtefjandi og stamar. Eru sterkar og þola vel högg en gefa hæfilega eftir þannig að þær eru ákjósanlegar út frá vistfræðinni. Fást í mismunandi þykktum og gerðum og því hægt að velja þær eftir aðstæðum og notkun. Mikið notaðar í gólfefni, vinnupalla, gönguleiðir, stiga, lok á niðurföll o.fl.

Dæmi um staði þar sem ristarefnið er notað:
-Frystihús
-Mjólkursamlög
-Kjötiðnaðarstöðvar
-Sundlaugar

Ristarnar eru fluttar inn í heilum mottum og eru þær seldar í heilu lagi eða bútaðar niður eftir óskum og þörfum viðskiptavina.

Eftirfarandi stærðir eru til á lager:
1219x2438x25 mm
914x3048x25 mm
914x3048x38 mm
1219x3658x38 mm

Litur: Grár

Ferro Zink hf. | Árstíg 6 | 600 Akureyri | www.ferrozink.is | **sími 460 1500**
| Álfhellu 12-14 | 221 Hafnarfjörður | **sími 533 5700**

Nánari upplýsingar í vörulistum okkar á www.ferrozink.is

Útgefið í apríl 2010

Galvanisering - Zinkhúðun

SANDBLÁSTUR & MÁLMHÚÐUN FERROZINK 50 1960-2010

GALVANISERING

- **Ferro Zink** rekur galvaniseringarverksmiðju á Akureyri. Verksmiðjan er starfrækt á vöktum allan sólahringinn og starfa þar að jafnaði 10-14 starfsmenn.
- Verksmiðjan vinnur eða húðar um 1200-1700 tonn af stál á ári, allt eftir umfangi framkvæmda í landinu.
- **Verksmiðjan er sú stærsta sinnar tegundar á landinu** og dýfingarkarið 9 metra langt, 0,9 metra breitt og 1,8 metra djúpt.
- Hægt er að dýfa lengri hlutum en 9 m og er þá hlutnum tvídýft og hægt er að húða I- bita og H-bita allt að 14 metrum að lengd.
- Hægt er að meðhöndla einstök stykki sem vega allt að 4 tonnum.
- Karið sem málmhlutunum er dýft í inniheldur fljótandi zink sem haldið er heitu við 450 °C.
- Galvaniseringin fer þannig fram að stálið er fyrst látið liggja í saltsýru til að hreinsa af því allt ryð og eldhúð, þá er því dýft í bráðið zinkið og stálið látið vera í zink bráðinu uns það orðið gegnheitt.
- Hvað dvalartíminn í karinu er langur er því háð þykktinni á stálinu en einnig er dvalartími oft lengdur ef þess er krafist að zinkhúðin sé sérstaklega þykk.
- Zink þykktin sem sest á stálið er háð stálþykktinni. ISO staðlar sem unnið er eftir í verksmiðjunni og gilda hér á landi kveða á um þá lágmarks þykkt sem framleiðanda ber að tryggja að sé á vörunni að galvaniseringu lokinni.
- Zink þykktirnar eru gefnar upp í micronum og mældar með sérstökum þykktarmælum . Fyrir stál sem er frá 1,5 mm til 8 mm þykkt er þykktin á zinkinu um 50 til 90 micron. Hægt er að ná þykkara zinklagi á stálið með því að lengja dvalartímann í bráðinu og með því að auka stálþykktina sem hlutur er smíðaður úr. Hægt er að ná allt að 200 microna zink þykktum á stálhluti.
- Zinkhúðin sem sest utan á stálhlutinn við heitgalvaniseringu er varnarhúð sem ver stálið gegn tæringu og ryðmyndun. Sá tími sem galvaniseringin virkar sem tæringarvörn fyrir stálið er háð þykkt zinklagsins sem er á stálinu því í tímans rás veðrast og tærist zinkið af stálinu.
- Hvað mikið tærist í burtu af zinklaginu á hverju ári er mjög háð hversu tæringarríkt umhverfið er sem hluturinn er í. Tæringarmælingar á Íslandi sýna að 0,5 til 2 micron tærast í burt af zinklaginu á hverju ári, mestur er tæringarhraðinn við suðurströndina, um 2 micron, en mun minni við norður- og austurströndina og minnkar tæringarhraðinn svo inn til landsins með minnkandi raka og minnkandi seltu í umhverfinu.

Við flytjum efni á milli Akureyrar og Hafnarfjarðar tvisvar í viku. Sendum og sækjum á höfuðborgarsvæðinu.

Ferro Zink hf. | Árstíg 6 | 600 Akureyri | www.ferrozink.is | **sími 460 1500**
| Álfhellu 12-14 | 221 Hafnarfjörður | **sími 533 5700**